

Mbl. 29 Okt 1710.

Á framfaraleið.

Nú er hann að fara með rugl, var sagt um Brúnó þegar hann mintist á að fastastjörnurnar væru sólar. Var um hans daga enginn sem ekki hélt að hin mesta framfarahugsun væri vitleysa. Góð hugsun hefir, þar sem vel stefnir, alla með sér; en þar sem illa stefnir, alla á móti sér.

Þráðlaus skeyti frá öðrum hnöttum heitir bók, sem fyrir nokkru, kom út í Lundúnum. Merkur maður hefir skrifað formála fyrir bókinni og varar við því að halda að um hégóma sé að ræða. Útkoma bókar þessarar er góðs viti; getur verið að nú fari að líða að því, að menn átti sig á þessu í sannleika mikilvæga efni.

Annað sem gefur nokkra ástæðu til að vona, að þokan fari nú að þynnast, er að tveir hollenzkir eðlisfræðingar (eru sagðir) hafa fundið upp áhald til þess að komast í samband, við andaheiminn eða það sem þeir halda sé andaheimurinn. Getur nú verið að þeim »hinumegin« þyki fara að vænkast ráðið. Mun vissulega hafa þurft himneska polinmæði til þess að hætta ekki öllum tilraunum við þá sem eru eins skilningstregir og vér erum á jörðu hér. Swedenborg, hinn merkilegi sænski spek-

ingur og sannnefndi goðorðsmaður sagði fyrir nálega 200 árum, að andarnir hefðu við og við látið í ljó mikla ópolinmæði yfir því, hvat mennirnir á jörðu hér væru ófróðir um andaheiminn. Og vér fáum að orðum Swedenborgs ótvíræðar upplýsingar um, hvernig því er varið með þennan »andaheim«. Getur spekingurinn þess oftast en einusinni að andarnir hafi sagt sér, að þeir væru líkamlegar verur; trúði hann þessu ekki, og reyndi, svo ótrúlegi sem það virðist, til að sýna fram á að þeir vissu ekki sjálfir hvað þeir væru. En ekki leynir hinn ráðvandi vísindamaður því, að andarnir sem hann hélt vera, hafi verið ófánlegir til að játa að þeir væru andar: »quod spiritus sint nolunt persuaderi«. »Andarnir« segja Swedenborg alveg greinilega að þeir séu menn á öðrum hnöttum! Er þetta býsna merkilegt; sýnir það bæði hina miklu vísindamannshæfileika Swedenborgs, að hann skyldi verða þess áskynja, sem varð þó svona þvert ofaní óbifanlega sannfæringu hans; og eins, við hversu ramman var reip að draga, að hann skyldi ekki átta sig, þó að þessar verur segðu honum sjálfar, að þær væru ekki andar. Kveðst Swedenborg nærri því hafa orðið að rifast við »andana« stundum, vegna þessarar þrákelkni þeirra í að halda því fram að þeir væru ekki það sem hann hugði þá vera.

Að halda í þá mjög óvísindalegu trú, að þessir »andar« sem

Swedenborg þóttist sjá og heyra, hafi ekki verið annað en hans eigin hugarburður, stoðar ekki lengur. Er mun auðveldara að átta sig á þessu nú, þegar maður í Ameríku getur »þráðlaust« talað við mann í Evrópu, heldur en var á Swedenborgs dögum.

Það er mikilla tíðinda von á jörðu hér, þegar mennirnir fara að skilja, að þeir geta, þrátt fyrir hinar feiknlegu fjarlægðir í himingeimnum, haft mök við fullkomnari verur, lengra komna menn og »yfirmenn« á öðrum jarðstjörnum. Mun eins og nýju ljósi bregða yfir mannkynssöguna, þegar menn átta sig á því, að lífið á jörðu hér er að eins einn örlitill þáttur í lífi alheimsins, og hversu stefna verður að samþættingu lífsins ávalt að víðari og víðari, fullkomnari og fullkomnarisamtökum, eða farast að öðrum kosti. Er ekki ólíklegt, að mennirnir muni þá uppgötva að þeir eru ekki vel á vegi staddir, eins og nú stefnir og færa heldur en ekki fætur við. Munu, þegar þetta mál er komið í rétt horf, verði meiri breytingar til batnaðar á högum mannkynsins á einum mannsaldri, heldur en á þúsundum ára áður.

Varast skulu menn að halda að hér sé verið að fara með nokkur rugl. Því alvarlegra mál sem un ræðir, því skaðlegra er mönnum að gera sér um það hugmyndi sem alveg eru þvert úr átt.

Þeir villast illa, sem halda, að eftir þeirri leiðsögn sem rétt er eigi einmitt ekki að fara.

27. okt.

Helgi Pjeturss
